

Kynferðisleg áreitni

Hvað er kynferðisleg áreitni?

Hvers kyns kynferðisleg hegðun sem er í óþökk þess sem fyrir henni verður og hefur þann tilgang eða þau áhrif að misbjóða virðingu viðkomandi, einkum þegar hegðunin leiðir til ógnandi, fjandsamlegra, niðurlægjandi, auðmýkjandi eða móðgandi aðstæðna. Hegðunin getur verið orðbundin, táknræn og/ eða líkamleg.

Dæmi um kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni og ofbeldi:

Orðbundin	Táknræn	Líkamleg
Þrýstingur um kynferðislega greiða	Óvelkomnar kynferðislegar augngotur eða önnur hegðun sem gefa eitthvað kynferðislegt til kynna	Nauðgun eða tilraun til kynferðislegs ofbeldis
Óvelkomin kynferðisleg eða kynbundin stríðni, grín, athugasemdir eða spurningar	Flauta á eftir einstaklingi	Hrista, slá, sparka, bíta eða rasskella
Persónulegar spurningar um einkalíf eða kynlíf eða að breiða út orðróm um kynferðislega hegðun einstaklings	Sýna eða senda kynferðislegt efni s.s. í gegnum SMS, tölvupóst eða samfélagsmiðla	Óvelkomin faðmlög, kossar, klapp eða strokur
Kynbundnar eða kynferðislegar athugasemdir um klæðnað eða útlit einstaklings	Að hengja upp plaköt, dagatöl eða myndefni sem innihalda kynferðislegt efni eða niðurlægja annað kynið	Að fara inn á persónulegt rými einstaklings, s.s. með því að halla sér yfir eða króa af enda sé hegðunin óvelkomin
Óviðeigandi og/eða þrálát boð á stefnumót		Óvelkomin snerting, grip eða þukl
Að láta starfsmann klæðast á kynferðislegan eða kynbundinn hátt við vinnu		

Hvað geta stéttarfélag gert?

Fulltrúar stéttarféлага verða að þekkja einkenni kynferðislegrar áreitni og vera tilbúnir til að upplýsa og ræða við félagsmenn.

Það er á ábyrgð atvinnurekenda að búa starfsfólki öruggt starfsumhverfi og tryggja að starfsmaður verði ekki beittur óréttlæti í starfi. Á hverjum vinnustað skal vera áhættumat og forvarnar- og aðgerðaráætlun um öryggi og heilbrigði á vinnustað sem felur meðal annars í sér að taka á kynferðislegri áreitni. Fulltrúar stéttarfélaganna geta kallað eftir að slíkt sé gert og virt.

Að áreita kynferðislega er brot á hegningarlögum. Slíka hegðum skal því kæra til lögreglunnar í samráði við þolanda.

Hver sem gerist sekur um kynferðislega áreitni skal sæta fangelsi allt að 2 árum. Kynferðisleg áreitni felst m.a. í því að strjúka, þukla eða káfa á kynfærum eða brjóstum annars manns innan klæða sem utan, enn fremur í táknrænni hegðun eða orðbragði sem er mjög meiðandi, itrekað eða til þess fallið að valda ótta. (199. gr. laga nr. 19/1940)